

## 6. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

20. mars 2025 kl. 12.50

Mættir: Aurora Rós, Aron Dagur, Védís Helga, Reynir Snær, Magnús Orri, Ari, Valgarður, Jasmín, Eyrún, Sigga Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundagerð.

- Dagur umhverfisins - fjöruhreinsun á Innnesinu 25. apríl, farið í fjöru frá Krosslandi og út að Miðgarði. Búið að óska eftir leyfi til að fara í fjöruna og fá sveitarfélagið til að fjarlægja það rusl sem safnast. Bréf sent á sveitarfélagið til að fá afnot af Miðgarði endurgjaldslaust þennan dag.
- Survivor - ræddum hugmyndir að verkefnum þennan dag. Liðin verða aldursblönduð, hvert lið fær lit.
  - Leikrit
  - Tjald / skýli
  - Eitthvað sem flýtur
  - Eitthvað sem rúllar
  - Eitthvað sem flýgur
  - Brú
  - Vatn sem ferðast milli staða
  - **Búa til leiktæki** - ákveðið að leiktæki verði fyrir valinu
- Hreinsunardagur í kringum skólann - verður í næstu viku þegar veður leyfir.
- Matarsóunarverkefni - þó svo matarvigtun hafi gengið vel þá fellur mikið af matarleifum í skólanum. Farið yfir matarvigtun síðustu ára og þá má sjá að matarsóun er að aukast.
  - Hafa betri mat
  - Keppni milli bekkja hefur haft áhrif - minnkar sóun
  - Fá sér minni skammta og fara frekar aftur
  - Láta þá sem skammta vita hvort maður vill mikið eða lítið
  - Fiskur fer meir í ruslið en annar matur – allir fá fisk á diskinn sinn
  - Skammta sér sjálf
  - Fræða betur
  - Gervigreindin spurð - margar áhugaverðar hugmyndir komu þar fram
- Framundan er gróðursetningardagur og aukin útivera.
- Heiðarsóley - blað Heiðarskóla um umhverfismál. Blaðið var gefið út um árabíl í pappírformi og sent á öll heimili í Hvalfjarðarsveit. Fyrir tveimur árum var blaðið endurvakið og gefið út á rafrænu formi. Nefndin ákveður að gefa blaðið út í ár. Hvert stig hugar að efni í blaðið.

Fundi slitið 13.30 - Þórdís Þórisdóttir